

AUGLÝSING

um breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Ólafsvíkur.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Ólafsvíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 20. janúar 1988 fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á aðalskipulagi Ólafsvíkur að landnotkun á reit A breytist úr opnu svæði í íbúðarsvæði og landnotkun á reit B verður íbúðarsvæði í stað verslunar- og skrifstofusvæðis.

Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu legu aðveituæðar hitaveitu frá Nesjavöllum í Grafningshreppi að Grafarholti í Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 16. mars 1988 staðfest skipulagsupprátt er sýnir legu aðveituæðar hitaveitu frá Nesjavöllum í Grafningshreppi um Ölfushrepp, Mosfellsbæ og að Grafarhotli í Reykjavík.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 gera ráð fyrir. Borgarstjórn Reykjavíkur og hreppsnefndir Mosfellsahrepps, Ölfushrepps og Grafningshrepps hafa samþykkt uppráttinn og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hann til staðfestingar í ráðuneytinu.

Félagsmálaráðuneytið, 18. mars 1988.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.